

Námsvísir: Valáfangi í handmennt á unglíngastigi Hvolsskóla 2008-2009

Kennari:

Guðrún Auður Björnsdóttir

Áfangalýsing:

Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði, vinnugleði, sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Áhersla er lögð á að gera nemendur sjálfstæða í vinnu og að kveikja áhuga þeirra á handverki almennt, í neyslupjóðfélagi nútímans. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi yfir að ráða góðri færni sem nýtist þeim til sjálfstæðra vinnubragða.

Markmið skóla:

Eru miðuð við Aðalnámsskrá Grunnskóla - listgreinar frá 1999.

Að nemandi

- geti nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar til að vinna með eigin hugmyndir.
- beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.
- geri gróflegar vinnuáætlanir áður en byrjað er á viðfangsefni.
- noti orðaforða greinarinnar.
- vinni með eigin tilfinningar og upplifun sem grundvöll að fagurfræðilegri túlkun sinni í textílefnivið.
- geri sér grein fyrir áhrifavöldum tískunnar s.s. litum, formum, stíl, tónlist o.fl.
- geri sér grein fyrir að fatnaður hefur mismunandi tákn og tjáningarmáti og fylgi tískustraumum.
- tjái sig um samspil lita, efna og forma í textílum í eigin umhverfi.
- takist á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til móts við langanir og smekk hans.

Áfangar:

Þeir áfangar sem í boða verða í vetur eru:

- **Fatasaumur:** Hér geta nemendur saumað sér sína eigin flík þ.e.a.s. tekið upp snið og saumað, og/eða breytt eða bætt eldri flík/ur.
- **Prjón (hekl):** Í þessum áfanga geta nemendur prjónað t.d. húfu m/mynsturprjóni, vettlinga, hosur, dúkkuföt (baby born) svo eitthvað sé nefnt.
- **Sveitastíll:** (country) Hér geta nemendur leikið sér dálítið og komið sínum hugmyndum í verk. Það má nefna dúkkur hvort sem

eru saumaðar eða útsagaðar, nytjahluti sem skrautmuni með blönduðum vinnuaðferðum (textíll, smíði).

- **Bútaaumur:** þessi grein er orðin mjög vinsæl meðal ungs fólks og verður boðið upp á s.s. snyrtibuddur/töskur, veggteppi, barnateppi, dúka og fl.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði:

Nemendur koma 1x90 mín eða 1x60mín á viku, 2x7 vikur fyrir jól og 2x8 vikur e. jól.

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum). Ætlunin er að nemendur byggi ofan á þá reynslu sem þeir hafa öðlast á yngri stigum og vinni sjálfstætt undir leiðsögn kennara.

Námsgögn:

Leitast verður eftir því að hafa fjölbreytt úrval bóka, blaða og sniða.

Námsmat:

Kennaraeinkunn, verkefni nemanda og vinna metin ásamt símati sem samanstendur af frumkvæði/sjálfstæði 50%, ástundun/vandvirkni 30%, umgengni/hegðun 20%

Stöðumat, leiðsagnarmat. Sjálfsmat – nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma, kennari metur vinnu nemandans á sama eyðublað. Kennari skráir einnig í Mentor.

